

SKIPULAGS- OG BYGGINGARNEFND SKAGABYGGÐAR

13.04.2023

5. fundur skipulagsnefndar Skagabyggðar haldinn Fundarsal Hnjúkabyggði, miðvikudaginn 12. apríl 2023 og hófst hann kl. 10:00

Fundinn sátu:

Magnús Björnsson, Rafn Sigurbjörnsson, Linda Björk Ævarsdóttir, Bogi Magnúsen Kristinsson og Elísa Ýr Sverrisdóttir.

Fundargerð ritaði: Elísa Ýr Sverrisdóttir,

Dagskrá:

1. SB - Kálfshamarsvík; deiliskipulag - 2209008

Deiliskipulagstillaga Kálfshamarsvíkur sem nær yfir allt landsvæði í eigu sveitarfélagsins Skagabyggðar, og hluta af landi Saura og Kálfshafamr. Um er að ræða að skilgreina aðkomusvæði, bílastæði, gönguleiðir, áningar- og útsýnisstaði ásamt því að staðsetja þjónustubyggingu og að setja önnur ákvæði sem ástæða er til að skilgreina í deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja deiliskipulagstillöguna skv. 41. gr skipulagslaga nr 123/2010.

Umsagnir bárust frá Veðurstofu Íslands, Samgöngustofu, Umhverfisstofnun, Vegagerðinni og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Athugasemdir og ábendingar sem bárust.

Veðurstofa Íslands:

Skipulagssvæðið er að hluta á lágvæði þar sem oldugangs og flóða getur gætt.

Veðurstofan minnir á að

við skipulag á lágvæðum þarf að sýna sérstaka aðgát, m.a. vegna hættu á sjávarflóðum og hekkun sjávarborðs vegna loftslagsbreytinga. Æskilegt væri að sérstaklega sé gerð grein fyrir þessum þætti í skipulagstillögunni.

Skipulagsnefnd tekur undir þessar ábendingar og samþykkir þær. Nefndin leggur til að sett verði inn skýrari ákvæði í greinagerðina sem varðar sjóvarnargarða á svæðinu.

Einkum með tilliti til Vogsins.

Samgöngustofa:

Samgöngustofa vill minna á mikilvægi þess að viðhalda óbrotnum kantlinum til að varna því að ferðamenn stöðvi bíla sína úti í kanti eins og algengt er þegar kantlina er óbrotin eða vantar. Óbrotin kantlina veldur því að ferðamenn halda að löglegt sé að leggja bílum úti í kanti.

Skipulagsnefnd tekur undir þessar ábendingar og samþykkir þær.

Umhverfisstofnun:

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið á fyrri stigum dags. 8. desember sl. og telur stofnunin að gerðar hafi verið jákvæðar breytingar á tillögunni.

Tveir nefndarmenn taka undir þær ábendingar, en Rafn tekur ekki undir þær ábendingar að um jákvæðar breytingar hafi orðið frá fyrri tillögu.

Vegagerðin:

Skipulagstillagan sýnir ekki hvar nýr vegur að Kálfshamarsvík tengist Skagavegi

LBA.
MB
RS

SKIPULAGS- OG BYGGINGARNEFND SKAGABYGGÐAR

13.04.2023

(745). Tengingar þarf að vera í samráði og með leyfi Vegagerðarinnar. Í greinargerð er talað um að vegur verði um 1,2 km langur og allt að 5 m breiður.

Þessi vegbreidd er ekki samkvæmt veghönnunarreglum Vegagerðarinnar og mjög erfitt verður að mæta stærri bílum eins og rútum. Sé gert ráð fyrir því að vegur fari á vegaskrá eða að Vegagerðin taki þátt i kostnaði þarf hann að vera hannaður og byggður í samráði við Vegagerðina og vera í samræmi við veghönnunarreglur

Skipulagsnefnd tekur undir ábendingar Vegagerðarinnar og samþykkir þær. Náttúrufræðistofnun Íslands:

Því er mótmælt sem kemur fram í greinargerð deiliskipulagstillögunaðr að ekki verði neikvæð umhverfisáhrif af framfylgd tillögunnar. Rask á lítt snortnu votlendi á 1,2 km löngum kafla verða að teljast bæði neikvæð og umtalsverð. Náttúrufræðistofnun leggur afdráttarlaust til að hætt verði við áform um nýjan aðkomuveg til að hlífa votlendinu og leitað annarra lausna við uppbyggingu aðkomu- og bilasvæðis með því að nota gamla aðkomuveginn. Mögulega mætti nota það nýja svæði sem lagt er til fyrir staðsetningu bílastæðis og þjónustuhúss en þá með tengingu í gamla aðkomuveginn. Áform um göngustíga á svæðinu eru að mestu óbreytt og munu einnig valda raski á lítt snortnu gróðurlendi og um búsvæði fugla. Góð hönnun og frágangur og stýring umferðar getur dregið úr mestu neikvæðu áhrifum af stígagerðinni.

Rafn tekur undir þær ábendingar sem komu frá Náttúrufræðistofnun Íslands. Tveir úr skipulagsnefndinni taka undir þær ábendingar að hlífa votlendi, við færslu á veg er verið að koma á móts við ábendingar aðliggjandi landeigenda við fyrri auglysingu skipulagstillögu dags: 16. nóvember 2022. Og leggur til að frágangur vegar, stígagerðar og uppbygging verði fyrir sem minnstu raski og gengið verði vel frá framkvæmdasvæði með tilliti til umhverfisáhrifa.

Skipulagsnefnd leggur til við breytingar greinagerðar 2.1.1 verði orðað svo "Gert er ráð fyrir nýjum aðkomuvegi að svæðinu. Nýr aðkomuvegur verður um 1,2 km að lengd en aðeins 100 m af honum er innan skipulagssvæsisins. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði uppbyggður 6 m að breydd."

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:30

Magnus Björnsson
Magnus Björnsson

Rafn Sigurbjörnsson
Rafn Sigurbjörnsson

Linda Björk Ævarsdóttir
Linda Björk Ævarsdóttir

Bogi Þorsteinsson
Bogi Þorsteinsson
Elini Ýr Jónassdóttir